

Öxnalækur í Ölfusi. Rennsli gegn um
fiskeldisstöð

Pórólfur H. Hafstað

Greinargerð PHH-98-17

30. september 1998

Öxnalækur í Ölfusi Rennsli gegn um fiskeldisstöð

Að beiðni Ingimars Jóhannssonar mældi ég rennsli Öxnalækjar þann 29. september 1998. Vatnið er nær allt leitt að fiskeldisstöðinni og var því eðlilegast talið að mæla hversu mikið rynni frá henni. Fjögur útföll eru í bakka Varmár og eru þau hér nefnd A, B, C, og D. Úr þremur fyrsttöldu útföllunum kemur vatn frá eldiskerjum; það vatn er fengið úr lokuðu vatnsbóli í efstu upptökum lækjarins. Vatnið, sem nú fer um útfallið D er upp komið í farveginum neðan við vatnsbólið og er ekki notað núna.

Niðurstöður mælinganna eru þessar:

- A: Efsta útfallið, mælt í réttthyrdnu, v-laga yfirfalli: $15 \text{ cm} = 12 \text{ l/s}$.
- B: Næstefsta útfallið, mælt í rennu: $1,25\text{m} \times 0,5\text{m} \times 0,1275\text{m} : 4\text{sek} = 20 \text{ l/s}$
- C: Næstneðsta útfallið, mælt rennsli í 60 l stamp; $3 \text{ sek} = 20 \text{ l/s}$
- D: Neðsta útfallið, mælt í rennu: $2,5\text{m} \times 0,5\text{m} \times 0,17\text{m} : 4\text{sek} = 53 \text{ l/s}$
- E: Lind í kanti heimreiðar að Öxnalæk, mæld í v-laga yfirfalli: $9 \text{ cm} = 3,5 \text{ l/s}$.
Þetta vatn kemur líka fram í útfalli D.

Heildarrennsli gegn um stöðina var semsagt mælt vera 105 l/s.

Rennsli út í Varmá úr neðsta hluta farvegarins (neðan heimreiðar) var sáralítið (max 1 - 2 l/s) og dreift upp komið.

Ekki var vitað hversu mikið af heildarrennslinu var ættað ofan frá Vorsabæ, en það er líklega 1 - 2 l/s.

Dælt var úr borholu á skurðbakka við upptakalind Saurbæjarlækjar, líklega um 2 l/s.

Á sama tíma var rennsli frá lindinni í skurðinum um 3 l/s.

Kær kveðja;

Þórólfur H. Hafstað